



YFIRHEYRSLAN  
& SKÝRSLAN



Stjáni Bjarna

Kristján eða Stjáni Bjarna eins og hann er ávallt kallaður er orignal Eskfirðingur fæddur 21. ágúst 1935.

Stjáni er kvæntur Önnu Sigurrós Sigurjónsdóttur frá Hafnarnesi við Fáskrúðsfjörð.

Þau Anna og Stjáni eiga 8 börn og búa þau hér á staðnum einnig fyrir sunnan og vestan.

Umhverfisátak

Í sumar hefur verið gert stóratök í umhverfismálum við Mjöl- og lýsisvinnslu og Nótastöð HE. Svæði umhverfis þessar deildir hafa verið malbikuð, þökulögð og trjám plantað á lóðarmörkum. Þessar framkvæmdir eru liður í umhverfisátaki HE og væntanlega kallar þetta á bætta umgengni á svæðinu. Þá hefur víða verið unnið markvisst að ýmsum tiltektum og lagfæringum af umhverfishópi félagsins, sem var starfræktur í samvinnu við Fjarðabyggð annað árið í röð.



Hraðfrystihús Eskifjarðar kaupir hlut í Tanga hf.

Hraðfrystihús Eskifjarðar hf. hefur keypt tæplega 47,5 % hlut í Tanga hf. á Vopnafirði. Tangi rekur fiskimjölsverksmiðju, frystihús, sérhæft loðnu- og sildarfrystihús, frystitogara og nótaskip. Svipar þessi rekstur að mörgu leyti til reksturs HE. Nú á næstu dögum og vikum verður hafist handa við að skoða hvar hægt sé að taka upp aukna samvinnu og hagræðingu milli fyrirtækjanna með það að markmiði að styrkja rekstur beggja.

Vísan

Eftirfarandi vísa varð til vegna þess að hjá H.E vinna að jafnaði nokkrir útlendingar flest pólskar konur. Ljóst má vera að nokkrir erfiðleikar á samskiptum þeirra við verkstjórana Eðvald og Benna verða vegna tungumálakunnáttu og þurfa þær stundum að hlaupa þá upp ef eitthvað þarf skýringa við.

Meðal erlendra stúlkna skapast æðisleg spennan þær eltast um húsið við Eðvald og Benna Á fljúgandi fart það minnir um margt á viðskipti þeirra Tomma og Jenna

Fréttabréf

2. árg. 3. tbl. 2002  
Útgefandi: Hraðfrystihús Eskifjarðar  
Ritstjóri: Sigtryggur Hreggviðsson  
hresk@hresk.is  
Ábyrgðarmaður: Elfar Aðalsteinsson  
elfar@hresk.is  
Umbrot og prentun: Héraðsprent ehf.

Yfirheyrslan

- Nafn: Kristján Ragnar Bjarnason
- Vinnustaður: Nótastöð HE
- Uppáhalds matur: Svið
- Uppáhalds fótboltaíð: Spurs
- Uppáhalds tónlistarmaður: Raggi Bjarna
- Uppáhalds leikari: Sigurður Sigurjónsson
- Uppáhalds leikkona: Edda Björgvins
- Besti stjórnmálamaður: Ekki skoðun á því
- Versti stjórnmálamaður: Kolbrún Halldórsdóttir (frá Kárahnjúkum)
- Viltu álver í Reyðarfjörð? Já að sjálfsögðu
- Áhugamál utan vinnu: Stangveiði (silungsveiði)
- Hvað ertu með í buxnavasanum? Vasahníf
- Sefurðu í náttfötum? Til hvers !?
- Byrðu um rúmið á morgnana? Stundum þegar ég er í frii
- Hvaða vin er best? Gamli góði Smirnoffinn
- Byrðu til mat handa þér þegar konan er ekki heima? Að sjálfsögðu
- Ef þú kemur heim að nóttu til svangur og þreyttur og það er sviðakjammí í kæli-skápnun, notarðu þú vasahníf eða leggurðu á borð fyrir þig? Vasahnífinn og býð honum svo góða nótt.

Skýrslan

Stjáni man ekki nákvæmlega hvenær hann hóf störf hjá HE

en fyrsta starf hans var við saltfisverkun undir stjórn Ingólfs Einarssonar frá Bakka. Þegar Stjáni ásamt öðrum strákum á svipuðum aldri mættu fyrsta vinnudaginn tilkynnti Ingólfur að ef þeir væru að brúka kjaft og yrðu ekki duglegir mundi hann eða þeir verða reknir. Enginn var rekin. Síðan þetta gerðist er komin yfir hálf öld og enn vinnur Stjáni hjá HE og hefur gert það nærri óslitið síðan. Ýmist við almenn störf í landi m.a. tvö ár sem verkstjóri í vinnslunni eða á skipum félagsins.

Hvað ber hæst hjá HE þessa síðustu mánuði ?

Hjá HE er alltaf eitthvað að gerast nú

Vinnustaðurinn:

Hér er gott að vinna, góð vinnuaðstaða bæði bjart og hlýtt, góðir verkstjórar og samverkamenn. Okkar tími fer ekki í gufu eða ljós.

Eitthvað sérstakt:

Hæri tölur á gulu miðana.

Sjávarútvegssýningu



Þorsteinn tekur við verðlaunum sínum.



Elfar tekur við viðurkenningu f.h. Aðalsteins Jónssonar.



Á nýliðinni Sjávarútvegssýningu voru veitt verðlaun fyrir sérstaklega góðan árangur tengdan sjávarútvegi.

Tvenn af þeim verðlaunum komu í hlut Eskfirðinga. Skipstjórinn á Hólmaborg, Þorsteinn Kristjánsson hlaut verðlaun sem framúrskarandi fiskimaður en eins og kunnugt er setti hann og áhöfn hans landsmet í veiddum afla á síðasta ári. Þá hlaut

Aðalsteinn Jónsson fyrverrandi forstjóri HE viðurkenningu fyrir framúrskarandi framlag til sjávarútvegs, en hann starfaði af lífi og sál við uppbyggingu þessa fyrirtækis í fjörtíu ár. Okkur sem þekkjum þessa menn úr starfinu kemur ekki á óvart sá heiður sem þeim er sýndur og eru þeim hér færðar innilegar hamingjuóskir.

Ný öflug skilvinda í Mjöl- og lýsisvinnslu

Fyrir skömmu lauk uppsetningu á nýrri mjög öflugri soðlýsis-skilvindu í mjöl- og lýsisvinnslu félagsins. Skilvindan sem er af gerðinni Westfalia leysir af hólmi fjórar eldri skilvindir auk þess að skilja mun betur en þær eldri gerðu sem gerir alla keyslu gegnum verksmiðjuna mun léttari. Þá eru að sögn Einars Einarssonar aðstoðarverksmiðjustjóra öll þríf margfalt léttari á nýju skilvindunni.



Hólmanes til Færeyja

Þann 10. júlí s.l. fór Hólmanes ísfisktogari HE til Færeyja. Þar sem skipið var tekið í slipp. Ýmsar lagfæringar voru gerðar á skipinu m.a. var skipt um skrófu. Vegna seinkunnar á afhendingu skrófunnar og fleiri vandamála henni tengdum varð veruleg seinkun á að skipið kæmi heim til veiða en allar áætlanir gerðu ráð fyrir að það landaði fyrsta afla nýs kvótaárs þann 1. september.

Til að annast hræfnisöflun fyrir vinnsluna var Ljósafell SU-70 frá Fáskrúðfirði fengið meðan Hólmanesið var úr leik.



Efnilegur ljósmyndari

Einn af skipverjum Hólmaborgar, Hlynur Ársælsson hefur um árabíl tekið mikinn fjölda ljósmynda um borð í skipi sínu. Myndir þessar hafa vakið talsverða athygli og birst í blöðum og tímaritum hér á landi sem erlendis. Þá mun vera töluvert um að

aðilar sem taka þátt í sýningum erlendis fari fram á að fá afnot af myndum í sýningabása sína. Við hvetjum Hlyn að sjálfsögðu að halda sínu striki eftir því sem tók eru á.

Kíktu á  
www.hresk.is





Kæra samstarfsfólk

Margt hefur markvert gerst frá útgáfu síðasta blaðs þó ekki sé lengra um liðið en þrjár mánuðir. Er þessi leiðari er ritaður hefur Hf. Eimskipafélagið nýverið fest kaup á Haraldí Bððvarssyni, elsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, og markað þannig þá stefnu að byggja upp sjávarútvegsrísa innan sinna vébanda. Á kaupum þessum, og kaupum SVN og Samherja á ráðandi hlut í SR-mjöli, má sjá að samþjöppun útgerðar og vinnslu heldur áfram.

Þann 4. september festi HE kaup á 47,48% hlut í útgerðarfélaginu Tanga hf. á Vopnafirði. Voru þessi kaup gerð með það að leiðarljósi að útvíkka starfsemi félagsins með möguleika á aukinni sérhæfingu og hagræðingu milli fyrirtækjanna. Er það mín von að kaupin á Tanga-bréfunum verði báðum fyrirtækjum til framdráttar og skjóti styrkari stöðum undir sjávarútveg á austurhorninu. Hluthafafundur í félaginu hefur verið auglýstur og tekur ný stjórn við á allra næstu dögum.

Eftir góða kolmunnaveitið í sumar og haust er kvóti okkar að mestu nýttur. Ljóst er að uppsjávarfiskiskip okkar verða verkefnaus fram yfir áramót nema til komi haustveiði á loðnu. Hólmanes er aftur mætt til leiks eftir frátafir vegna slípps og vinnsla á rækju er í fullum gangi. Áætlað er að deildir félagsins verði í fullum rekstri út árið að undanskilinni mjöl- og lýsisvinnslunni.

Nú á næstunni verður kynnt fyrir starfsfólki Menntasmiðja HE. Er hér á ferðinni námskeiðaröð í samvinnu við Landsafl, starfsgreinasambandið og verkalýðsfélagið Afl. Menntasmiðjan er hluti af stefnu HE að stuðla að símennt og auknum möguleikum starfsfólks HE að auka við þekkingu sína. Um leið viljum við létta okkar lundu og eru fjölmörg valnámskeið í boði til þess. Ég vona að sem flestir nýti sér tækifæri uppkomandi Menntasmiðju HE og hausttíðin verði okkur hagsæl.

Með kveðju, Elfar



Nýr "karl" í brúnni

Þegar Jón Kjartansson fór til kolmunnaveiða þann 26. ágúst var nýr "karl" í brúnni Ragnar Eðvarðsson. Þetta var jómfuráferð Ragnars með Jón Kjartansson á kolmunnaveiðum. Þessari veiðiferð lauk 31. ágúst með fullfermi um 1500 tonn. Segja má að árangur ungu "karlanna" lofi góðu.

Lagfæringar og endurbætur í frystihúsi



Síðasti vinnudagur í frystihúsinu fyrir sumarleyfi starfsmanna var 12. júlí s.l. Frá þeim tíma og til 2. sept. er vinnsla hófst á ný fóru fram ýmsar endurbætur á húsinu. Gólf í fiskmóttökusalnum var brotið upp allar lagnir endurnýjaðar og nýtt gólf steypt. Vinnslusalir hússins voru málaðir auk töluverðra endurbóta á einum útveggja hússins.

Þá var settur upp nýr lausfrystir en slíkt tæki hefur ekki verið notað þar áður. Lausfrystirinn sem er hannaður og framleiddur af Skaganum hf, á Akranesi er með 750 kg. afkastagetu á klst. og mun hann auka mjög breidd þeirra afurða sem hægt verður að bjóða viðskiptavinum HE í framtíðinni. Þá er þess vænst að afköst aukist við þessar breytingar. Það voru starfsmenn Skagans hf. í samvinnu við starfsmenn HE sem önnuðust uppsetninguna og gekk það verk samkvæmt áætlun.

Leiftur frá liðinni tíð



Afskipti Aðalsteins Jónssonar sem er aðaleigandi HE og var forstjóri þar í 40 ár af útgerð hófust þegar hann ásamt Kristmanni bróður sínum, Hilmari Bjarnasyni og Þórlindi Magnússyni festu kaup á 55 brl. bát ,

Björgu SU-9 árið 1945 fyrir 240.000 kr. Það hefur sennilega ekki hvarflað að Aðalsteini þá, að þar væri að hefjast ferill hans sem einn umsvifamesti útgerðarmaður landsins.



Golfmót Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf.

Árlegt golfmót Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf, fór fram á Byggðarholtsvelli laugardaginn 17. ágúst s.l. Skráðir keppendur voru 53.

Áður en ræst var út var boðið upp á morgunverð svo enginn færi svangur í slaginn. Veður þennan dag var hið besta logn en sólarlítið. Keppt var í opnum flokki bæði með og án forgjafar .

Best skor án forgjafar hafði Ingi Már Aðalsteinsson, Egilsstöðum. Sigurvegari með forgjöf var Kristinn Ragnarsson, Eskifirði. Þetta mun vera fyrsta "stórmót" sem Kristinn sigrar á en þess má geta að daginn eftir tók hann þátt í golfmóti á Ekkjufellsvelli og lenti einnig í verðlaunaseti þar.

Að sjálfsgöðu voru báðir þessir meistara verðlaunaðir í lokahófi ásamt fleiri verðlaunahöfum. HE þakkar keppendum fyrir þátttöku í mótinu og vonar að sjá sem flesta að ári.



Góð afkoma fyrri hluta árs

Árshlutauppgjör Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2002 var birt í byrjun ágúst. Þar kemur m.a. fram að rekstrartekjur félagsins á tímabilinu nema 2.285 milljónum en rekstrargjöld 1.450 milljónum. Hagnaður fyrir afskriftir (EBIDTA) er því 835 milljónir, eða 36,56% hlutfall af vergum rekstrartekjum. Tekjuskattur nemur rúnum 211 milljónum og er hagnaður fyrri helmingis ársins 2002 því 901 milljón miðað við 171 milljón króna taprekstur, fyrir sama tímabil, árið áður. Af þessu má sjá að viðsnúningurinn er uppá tæpar 1.100 milljónir króna sem verður að teljast alger kúvending.

Við birtingu uppgjörsins sagði Elfar Aðalsteinsson, forstjóri, að rekstrarniðurstaða tímabilsins væri ánægjuleg og útlit næstu mánaða virtist nokkuð jákvætt. „Markaðsaðstæður eru að flestu leyti góðar fyrir okkar afurðir nema í rækju. Við höfum unnið að breytingum á fyrirtækinu síðustu misseri sem eru farnar að skila sér. Starfsfólk fyrirtækisins hefur sýnt samstillt átak bæði til sjós og lands og vil ég þakka þeirra framlag.“



Sýslumenn í heimsókn

Góður hópur gesta heimsótti Hraðfrystihús Eskifjarðar hf. nýlega en þar voru á ferðinni nánast allir sýslumenn landsins ásamt mökum. Hópurinn kynnti sér rekstur fyrirtækisins og þáði síðan veitingar á skrifstofu félagsins. Alls voru u.þ.b. 45 manns í hópnum og lét hann vel af þeirri kynningu sem hann fékk af starfsemi Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf.

Þegar rjúpnaveiðitíminn nálgast



Nú þegar tími rjúpnaveiða nálgast er ekki úr vegi að rifja upp eina góða sögu af slíkum veiðum.

Rjúpnaveinafélag Fjarðabyggðar sem samanstendur af nokkrum heiðursmönnum m.a. Magga Bjarna og Guðmundi bæjarstjóra fer yfirleitt í eina veiðiferð á ári, og hefur kostnaður við úthaldið stundum farið örlítið úr böndum eins og eftirfarandi saga sýnir.

Fyrir nokkrum árum fóru vinafélagar í sína árlegu ferð. Að venju var mikill undirbúningur m.a. tveir milljónaþjappar yfirfarnir, gistiheimili í Skriðdal fastsett, fæði keypt, vel útilátið í föstu og fljótandi o.m.fl. Orðrómi um ferðir þeirra var komið af stað

til heimasæta á bæjum í nærliggjandi sveitum, þar sem skyttur þessar tölðu að þær hefðu einhvern sérstakan áhuga á að vita af ferðum þeirra um svæðið. Eftir tveggja daga veiðar var afraksturinn ein rjúpa, og engin heimasæta hafði sýnt sig.

En þar sem þessum mönnum þykir gaman að grúska í tölum þótti þeim við hæfi að reikna út kostnaðinn við veiðina, og var nú farið að leggja saman, bílkostnaður 7.000,- húsaleiga 6.000,- fæði 10.000,- o.s.frv. Að loknum útreikningum tilkynnti Gummi bæjarstjóri síðan að meðal-kostnaðurinn við þessa einu rjúpu væri um 52.000 kr. Varð þá Magga Bjarna að orði „já við vorum heppnir að fá ekki fleiri.“